

Kæru foreldrar/forráðamenn barna og unglunga á námskeiðum Myndlistaskólans í Reykjavík.

Á föstudag sendi ég út póst þess efnis að barna- og unglinganámskeiðin héldu áfram þrátt fyrir takmörkun á skólastarfi á framhaldsskólastigi. En forsendur breytast hratt og nú er komið í ljós að ekki má kenna í sama hópi börnum úr fleiri en einum bekk. Á námskeiðum skólans koma saman nemendur úr ýmsum skólum og hverfum, jafnvel sveitarfélögum. Það er því ljóst að námskeið barna- og unglingadeildar falla niður þar til yfirstandandi takmörkunum á skólahaldi verður aflétt. Við stefnum að því að byrja aftur að loknu páskafríi.

Með bestu óskum og kveðjum,

Áslaug Thorlacius
skólameistari / headmaster
Myndlistaskólinn í Reykjavík / Reykjavík School of Visual Arts